



151. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. haldinn 3. desember 2007, kl. 15:00 að Austurvegi 56

Mætt : Ragnheiður Hergeirsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir í fjarveru Ólafs Áka , Örn Þórðarson, Óskar Sigurðsson lögfræðingur Sorpstöðvar Suðurlands og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð.

Á fundin komu kl 16:30 Viktor Pálsson, Jón Gíslason starfsmenn Landbúnaðarstofnunar og Halldór Runólfsson Yfirdýralæknir. Þeir fóru af fundi kl. 17:45

1. Förgun á kindaskrokkum frá Skollagróf.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands hefur áhyggjur að stöðu mála vegna fyrirhugaðarar förgunar á kindahjörð frá Skollagróf sem til stendur skera niður vegna þess að riða hefur greinst á bænum.

Fram kom á fundinum að fulltrúar Landbúnaðarstofnunar telja lausn Sorpstöðvar Suðurlands um að brenna skrokkana hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja óásættanlega. Landbúnaðarstofnun hefur aflað heimildar, samanber reglugerð nr.738/2003 hjá Umhverfisstofnun til að urða 12- 15 tonn af kindaskrokkum frá Skollagróf.

Fulltrúar Landbúnaðarstofnunar viku af fundinum og málið rætt frekar með lögfræðingi Sorpstöðvarinnar. Framkvæmdastjóra og lögmanni falið að afla frekari gagna í málinu.

Ekki fleira gert og fundi lokið 18:20